



Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. nóvember 2009

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-reglur, réttindi hluthafa) 70. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Samtökin vilja benda á að skoða þurfi betur innleiðingu á 3. og 4. tl. 6. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að aðildarríki skuli kveða á um einn frest með tilliti til tilskilins dagafjölda fyrir aðalfund eða fundarboð, þar sem hluthöfum er heimilt að nýta sér þann rétt að setja mál á dagskrá aðalfundar eða leggja fram drög að ályktunum.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir lagabreytingu vegna ofangreindra ákvæða tilskipunarinnar og er væntanlega litið svo á að í íslenskum lögum séu nú þegar til staðar ákvæði sem tryggja sambærilegan rétt.

Í 86. gr. laga um hlutafélög segir að hver hluthafi geti fengið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi geri hann um það kröfu með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Þá segir í 88. gr. að viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skuli dagskrá og endanlegar tillögur vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og send þeim skráðum hluthöfum sem þess óska. Af þessum ákvæðum verður dregin sú ályktun að hluthafi verði að koma kröfu sinni um að fá mál á dagskrá aðalfundar a.m.k. viku fyrir aðalfundinn.

Samtökin telja að skýrara og betur fallið að anda tilskipunarinnar að kveðið væri á um í frumvarpinu að hluthafar gætu nýtt sér rétt sinn til að setja mál á dagskrá aðalfundar eða leggja fram drög að ályktunum innan tiltekins dagafjölda fyrir aðalfund.

Ólíkt löggjöf ýmissa landa er ekki kveðið á um í íslenskum hlutafélagalögum að réttindi hluthafa til að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði með tilliti til eignarhalds á tilteknum degi fyrir aðalfund heldur er miðað við að skráning í hlutaskrá sé forsenda þess að hluthafar geti nýtt sér réttindi sín. Í lögum er þó ekki kveðið skýrt á um þetta atriði og því geta komið upp ýmis ágreiningsmál ef hlutar í félögum skipta um hendur á síðustu stundu fyrir aðalfund. Væri hægt að koma í veg fyrir slíkt með skýrari



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

löggjöf um þetta atriði og leggja samtökin til að þetta atriði verði jafnframt skoðað af ráðuneytinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is